



Reykjavík, 29. nóvember 2011

ÚRSKURÐUR

Aganefnd KLÍ fundaði þriðjudaginn 22. nóvember 2011 vegna dómarskýrslu frá Skúla Arnfinnssyni fyrirliða ÍR-T dags. 21. nóvember 2011. Í dómarskýrslunni kemur fram að mótherjarnir í liði KFR-KP-G hafi ekki hlýtt reglum um klæðaburð keppenda í keppni í 8. umferð Íslandsmóts liða í 2. deild karla mánudagskvöldið 21. nóvember 2011. Þar kemur fram „Fatnaður mótherja, samanber buxur. Gallabuxur, æfingabuxur, venjulegar keppnisbuxur“. Undir skýrsluna ritaði einnig Theódóra Ólafsdóttir starfsmaður KLÍ.

Samkvæmt upplýsingum aganefndar áminnti starfsmaður KLÍ liðsmenn KFR-KP-G einnig fyrir brot á reglum um búninga keppenda áður en leikur hófst umrætt kvöld.

Aganefnd tók málið fyrir á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, þ.e. dómarskýrslunnar og upplýsinga frá starfsmanni KLÍ.

Í 18. gr. reglugerðar KLÍ um keilumót segir:

„Búningar.

Allir leikmenn liðs skulu vera í eins keppnistreyjum af sama lit og sömu gerð. Karlar skulu vera í síðbuxum af sama lit og sömu gerð, en konur mega vera í síðbuxum, pilsum eða stuttbuxnadressi af sama lit og sömu gerð.

Dómari skal veita hverjum þeim leikmanni áminningu sem ekki fylgir þessu ákvæði.

Í A-mótum, sem og öllum mótum sem sjónvarpað er frá, er óheimilt að leika í gallabuxum. Sé einhver þannig klæddur að ósæmilegt megi teljast, getur mótstjóri/dómari bannað honum að keppa, nema ráðin sé bót á því.“

Í 7. gr. reglugerðar KLÍ um aganefnd KLÍ segir:

„Ef leikmenn liðs leika ekki allir í eins búningum, eins og kveðið er á um í reglugerð um keilumót, er aganefnd heimilt að dæma félagið í allt að 5.000 kr. sekt.“



Um var að ræða viðureign í 8. umferð 2. deildar karla á Íslandsmóti liða sem fellur undir A mót KLÍ. Búið var að minna alla keppendur á Íslandsmóti liða um reglur varðandi búninga o.fl. samanber bréfi frá stjórn KLÍ til fyrirliða deildarliða dags 7. nóvember, sem einnig var birt á heimasíðu KLÍ.

Í ljósi framangreinds og þess að liðsmenn KFR-KP-G voru áminntir um búninga áður en leikur hófst, en hlýttu engu að síður ekki reglum um búninga, er það niðurstaða aganefndar að sekta liðið um fjárhæð að upphæð kr. 5.000 samkvæmt heimild í reglugerð.

Úrskurðarorð

KFR-KP-G skal greiða Keilusambandi Íslands sekt að fjárhæð kr. 5.000

Aganefnd KLÍ

Sigríður Klemensdóttir

Guðmundur Sigurðsson

Bragi Már Bragason